

Nd.

394. Breytingartillögur

[79. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.
Hafnamálastjóri veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu.
Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra og hefur með höndum framkvæmd laga um leiðsögn skipa.
Ráðherra skipar skrifstofustjóra, verkfræðinga og annað fast starfslið að fengnum tillögum hafnamálastjóra.
2. Við 3. gr. 4. málsg. orðist svo:
Bjóða skal út, ef hagkvæmt þykir, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra.
3. Við 6. gr. Í 5. tölulið falli niður orðin „einhverju eða“.
4. Við 8. gr. Í 1. málsg. fellur niður orðið „svo“.
5. Við 10. gr.
 - a. Á eftir 1. málsg. komi ný málsgrein, þannig:
Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.
 - b. Á eftir 2. málsg. komi ný málsgrein, þannig:
Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar.

6. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær fasteignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarsjóðum, er njóta ríkisstyrks, óheimilt án samþykkis ráðuneytis að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

7. Við 19. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa o. s. frv.

8. Við 20. gr. Í stað „25“ í 1. tölulið komi: 30.

9. Við 26. gr.

a. Töluliðir í gr. verði þannig:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis.
2. Kosning og starfssvið hafnarstjóra.
3. Reglur um umferð á sjó og landi.
4. Öryggisreglur um flutninga.
5. Reglur um varnir gegn mengun og um góða umgengni.

b. Í stað orðanna „tveggja ára“ í síðustu málsgrein komi: eins árs.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gjaldskrá skal gefin út sérstaklega, sbr. 12. gr., en hún telst engu að síður hluti reglugerðarinnar.

10. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar með talið um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, og skal því lokið eigi síðar en fyrir árslok 1974.

11. Við ákvæði til bráðabirgða:

- a. Orðið „löngum“ í 1. málsgr. falli brott.
- b. Í stað „1973“ í 2. málsgr. komi: 1974.
- c. Við bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé:

1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu.
2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð.
3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgönguráðuneytisins.
4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.
5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár.